



Matthildur og Ingi Þór kjörin Íþróttamenn Seltjarnarness 2022

Kjör íþróttamanna Seltjarnarness 2022 í kvenna og karlaflokki fór fram fimmtudaginn 26. janúar síðastliðinn.

Kjörið fór fram í 29. skiptið en það var fyrst haldið 1993. Matthildur Óskarsdóttir kraftlyftingakona og Ingi Þór Ólafson golfari voru kjörin Íþróttamenn Seltjarnarness 2022. Nánar er fjallað um kjörið á bls. 6.

Opið

8-24

alla daga

Á EIDISTORGI

HAGKAUP

2

Er febrúar þinn skoðunarmánuður?

Verið velkomin á Grandann



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafafyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málafni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Leikskólamálum stefnt í höfn

Full ástæða er til að fagna undirritun samnings um hönnun leikskóla á Seltjarnarnesi. Leikskóli bæjarfélagsins hefur lengi búið við ófullnægjandi húsnæði. Af þeim sökum var efnt til verðlaunasamkeppni um nýtt skólahúsnæði árið 2018.

G læsilegar hugmyndir bárust og hlaut tillaga Andríms fyrstu verðlaun. Mörgum brá nokkuð og fannst sem bæjarfélagið myndi ekki hafa bolmagn til þess að reisa leikskólabyggingu af þeirri stærð og gerð sem tillagan gerði ráð fyrir.

Nú verður lagt af stað með áframhaldandi hönnun leikskólans og samkvæmt nýgerðum samningi Seltjarnarnesbæjar og Andríms er gert ráð fyrir að framkvæmdum ljúki seinni hluta árs 2025.

Einnig á að ráðast í endurbætur á Mánabrekku og Sólbrekku sem vissulega þarfnast viðhalds. Með því má verða unnt að veita börnum frá 12 mánaða aldri leikskólavist.

Með því sem nú er fyrirhugað að ráðast í verður séð fyrir leikskólamálum um lengri framtíð þótt Nesbúum muni fjölga á næstu árum. Einkum með tilkomu Gróttubyggðar.

Vilja draga úr hraða á Norðurströnd

- of mikið um hraðakstur og slys

Skipulags- og umferðar-nefnd Seltjarnarness hefur falið sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að skoða aðgerðir til að draga úr hraða í samræmi við gildandi umferðaröryggisáætlun á Seltjarnarnesi. Lögð hefur verið fram hugmynd um vöktun umferðarhraða á Norðurströnd sem unnin er af Lögreglunni á höfuðborgar-svæðinu í byrjun árs.

Mikið hefur verið um hraðakstur á Norðurströnd og umferðarslys hafa orðið öðru hvoru. Betur fór en á horfðist nú fyrir skömmu þegar tveir bílar, sem komu úr gagnstæðri átt, lentu saman. Tveir bílar munu hafa verið í kappakstri og annar verið að taka fram úr hinum þegar hann ók á mikilli ferð framan á bál sem kom úr gagnstæðri átt. Samkvæmt sjónarvottum hafði ökumaðurinn, sem var að taka fram úr, verið í einhvers konar kappakstri við annan ungan ökumann á Norðurströnd og töldu sjónarvottarnir að þeir hafi verið á hátt í hundrað kílómetra hraða. Fimmtíu kílómetra hámarks hraði er við Norðurströnd. Þór Sigurgeirsson bæjarstjórinn á Seltjarnarnesi óskaði eftir fundi með lögreglunni strax daginn eftir vegna slysins. Bæjarbúar vilja að gripið verði til aðgerða til að koma í veg fyrir hraðakstur. Fyrir nokkrum árum ók ungur maður bíl af BMW gerð á slitnum dekkum og í hálku framan á kennslubíl á Norðurströnd þar sem nemandi var undir stýri. Ungi ökumaðurinn ók yfir á öfugan vegarhelming. Má heita mildi að ekki urðu slys á fólki af því athæfi. Blindur kaflí, allt frá Gróttu í vestri að bæjarmörkunum, sem er um það bil tveggja og hálfs kílómetra vegalengd. Þór Sigurgeirsson segir allt of mikið um hraðakstur og að grípa þurfi til aðgerð.



Frá slysstað á Norðurströnd.
Mynd: Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.



TJÓNAVIÐGERÐIR



Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttínga- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðvottun frá Bilgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.





Hafðu samband núna



Droghóls 6-8



567-0690



tjon@tjon.is



www.tjon.is

Við þjónustum allar gerðir bíla



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatid sem sent er til tryggingarféлага.



Rétting og málun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.


Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaeigubíla á staðnum

Vinnum með öllum bílaumboðum



DAGSKRÁ MARS 2023



Janúar - maí

16. feb. – 11. mars

1. – 31. mars

3. mars

BÓKAVORIÐ

Lestraráskorun!

Lestu 15 bækur til
1. maí. Skráningarblað/
bókamerki í afgreiðslu.




SÝNING GALLERÍ GRÓTTA

Karen Björg
Jóhannsdóttir
listmálari sýnir
ACE-ar.




SKRÍMSLARATLEIKUR
Það eru skritin skrímsli
í felum um allt safn!
Þáttökuverðlaun.



ALPJÓÐLEGUR DAGUR VILLTRA DÝRA

Villt dýr og plöntur
verða í aðalhlutverki
m.a. bækur, litablöð
og dýrabörn á
skjánum.



4. mars

FÖNDURFJÖR VIÐ PERLUM

Sæunn
barnabókavörður
býður börnum og
fjölskyldum upp á
skemmtilegt föndur
kl. 11:00 – 14:00.



6. mars kl. 19:30 - 20:30

BÓKMENNTAKVÖLD

Elísabet Jökulsdóttir
verður gestur okkar
og mun fjalla um og
lesa upp úr
bók sinni
Saknaðarilmur.

Kaffi og
kruðerí.



6. mars

SELGARNANES OG NÁGRENNI


Áhugafólk um hannyrðir
hittist, hjálpast að og
deilir hugmyndum
kl. 20:00 - 22:00.
Nánar á FB: **SelGARNes**
og nágreppi.



8. mars

SÖGUSTUND FYRIR YNGSTU BÖRNIN

Lesnar verða sögurnar
Kannski eftir Chris
Haughton og **Elmar**
og **illfyglið** eftir David
McKee kl. 17:00 – 17:30.



18. mars

LESID FYRIR HUND

kl. 11:30 – 12:30 býðst sex
börnum að lesa sér til ánægju
fyrir sérþjálfaða hunda. Skráning:
saeunno@seltjarnarnes.is



18. mars kl. 14:00 – 17:00

GALLERÍ GRÓTTA SÝNINGAROPNUN

Elín Þóra Rafnsdóttir opnar
myndlistarsýningu sína
Samofið laugardaginn 18.
mars. Gengið inn í Gallerí
Gróttu frá Eiðistorgi.

Sýningu lýkur 15. apríl.



20. mars kl. 19:30 – 20:30

BÓKMENNTAKVÖLD

Pedro Gunnlaugur Garcia
handhafi Íslensku
bókmenntaverðlaunanna
lesa upp úr og fjallar um
bók sína **Lungu**.


Kaffi og kruðerí.



21. mars

ALPJÓÐLEGUR DAGUR LJÓÐSINS

LJÓÐASMIÐJA – LJÓÐALESTUR – LJÓÐABÆKUR – LJÓÐ DAGSINS



Þáttökuverðlaun.

Börnum
býðst að
semja
ljóð undir
handleiðslu
bókavarda.

Kl. 16:30
Ljóðskáldið og
rithöfundurinn
Gerður Kristný
lesa upp úr
nýrri ljóðabók
sinni **Urta**.



23. mars kl. 17:30 – 18:00

TÓNSTAFIR GÍTARTRÍÓ

Agnes Sólbjört og Þór
Kárasón nemendur
Tónlistarskóla
Seltjarnarness flytja,
ásamt **Hildi Luo**
nemanda í MÍT, falleg
gítartónverk frá ýmsum
löndum.



Opnunartími: Mán. – fim. 10 – 18:30, fös. 10 – 17 og lau. 11 – 14

Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is

Bókasafn Seltjarnarness



Bókasafn
Seltjarnarness



Fylgdu okkur á Instagram

Leikskóli á Seltjarnarnesi

Samningur um hönnun undirritaður

Seltjarnarnesbær hefur gengið frá samningi um fullnaðarhönnun á nýjum leikskóla „Undrabrekku“ við Andrúm arkitekta. Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri og Kristján Garðarsson arkitekt undirrituðu samninginn á vettvangi fyrirhugaðra framkvæmda að viðstöddum miklum fjölda leikskólabarna og starfsfólki. Spenna var í lofti og stundin afar táknræn enda brýn þörf fyrir stærri leikskóla á Seltjarnarnesi. Eft var til verðlaunasamkeppni árið 2018.

Áform um að bæta húsakost leikskólans á Seltjarnarnesi hefur verið á döfinni um nokkurra ára skeið. Árið 2018 efndi Seltjarnarnesbær til verðlaunasamkeppni um hönnun á nýjum leikskóla þar sem Andrúm arkitektar hlutu fyrstu verðlaun. Þá voru til skoðunar stórtækar hugmyndir þar sem skipta átti út öllum fyrirbyggjandi leikskólabyggingum á svæðinu fyrir allt að 3.600 fm. nýbyggingu. Fallið hefur verið frá þeirri hugmynd.

Ný útfærsla sem tvöfaldar aðstöðuna

Undanfarið ár hefur verið unnið markvisst áfram með Andrúm arkitektum miðað við breyttar forsendur. Nokkrar minni útfærslur hafa verið til skoðunar og nú liggur fyrir ákvörðun um að byggja nýja 1.550 fm. byggingu á lóðinni Suðurströnd 1 en nýta áfram húsnæði Mánabrekku og Sólbrekku. Ráðist verður í endurbætur á húsnæði þeirra, skipulagið yfirfarið og aðbúnaður bættur samhliða byggingu á nýja húsnæðinu. Þá verður gerð tengibygging á milli hinnar nýju byggingar og Mánabrekku.

Með fyrirhugaðri nýbyggingu mun vinnurými leikskólans tvöfaldast en nýja byggingin mun rúma um átta leikskóladeildir og allt 150 börn. Mánabrekka og Sólbrekka eru um 1.300 fm. og því bætast við 1.550 fm. við athafnasvæði leikskólans með þessari framkvæmd og öll starfsemin rúmast



Kristján Garðarsson, arkitekt hjá Andrúm og Þór Sigurgeirsson, bæjarstjóri handsala hönnunarsamninginn. Með þeim á myndinni eru Margrét Gísladóttir, leikskólastjóri, starfsfólk Sólbrekku auk káttra leikskólabarna.

á einum stað. Með stækkuninni verður jafnframt mögulegt að veita börnum frá 12 mánaða aldri leikskólavist.

Fullnaðarhönnun og framkvæmdir framundan

Samningur við Andrúm arkitekta felur í sér fullnaðarhönnun á nýja leikskólanum. Endanlegar teikningar verða kynntar fyrir bæjarbúum þegar þær liggja fyrir. Að auki mun Andrúm

annast alla hönnunarstjórn verkefnisins, þ.m.t. arkitekta- og verkfræðihönnun sem og umsjón með gerð allra verklýsinga vegna útboðs. Stefnt er að því að Ríkiskaup sjái um framkvæmd útboða vegna verklegra framkvæmda.

Lagt er upp með að kostnaður við framkvæmdina verði á bilinu 1.250 – 1.500 m.kr. en erfitt er að áætla nákvæmlega kostnað við framkvæmdir í umhverfi þar sem verðbólga nálgast 10%. Stefnt er að því að framkvæmdum ljúki seinni hluta árs 2025.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook

Stór grenndarstöð við björgunarsveitarhúsið

Á fundi skipulags- og umferðarnefndar Seltjarnarnesbæjar var lagt fram minnisblað Ingimars Ingimarssonar garðyrkjustjóra frá 6. febrúar 2023 þar sem lagðar eru til staðsetningar innan deiliskipulagssvæðisins á móttökustöðvum fyrir endurvinnsluefni.



Skipulags- og umferðarnefnd felur skipulagsfulltrúa að vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Valhúsahæðar og aðliggjandi útivistarsvæðis og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar. Nefndin leggur til að litlar grenndarstöðvar verða staðsettar við Plútóbrekku og á mótum Norðurstrandar og Lindarbrautar og stór grenndarstöð verði staðsett við björgunarsveitarhús á Suðurströnd.



nola

KÆRU SELTIRNINGAR

Nola sérhæfir sig í
hágæða snyrtivörum
sem eru án þekktra
óæskilegra innihaldsefna.

Allar okkar vörur eru
Cruelty Free og flestar vegan.

Skoðaðu úrvalið í
netverslun okkar
www.nola.is

Sendum um land allt



Fylgdu okkur á
samfélagsmiðlum

www.nola.is | 869-1877 | Ármúli 38, 108 Reykjavík

Kjör á íþróttamanni og konu Seltjarnarness 2022

Matthildur og Ingi Þór kjörin

Kjör íþróttamanna Seltjarnarness 2022 í kvenna og karlaflokki fór fram fimmtudaginn 26. janúar síðastliðinn. Kjörin fór nú fram í 29. skiptið en það var fyrst haldið 1993.
Kjörin er í umsjón íþrótt- og tómstundanefndar Seltjarnarness, sem vill með kjörinu vekja athygli á gildi íþróttar, öflugu íþróttastarfi á Seltjarnarnesi

og verðlauna sérstaklega afreksíþróttamenn úr hópi bæjarbúa.
Sjö tilnefningar bárust nefndinni þetta árið.
Jafnframt voru veitt verðlaun til landsliðsfólks, ungs og efnilegs íþróttafólks auk þess sem Íslands- og bikarmeistarar voru sérstaklega verðlaunaðir.

Ingi Þór Ólafson
Ingi Þór byrjaði að stunda golf árið 2015 þá 14 ára gamall hjá Nesklúbbnum á Seltjarnarnesi en haustið 2018 flutti hann sig yfir til Golfklúbbs Mosfellsbæjar. Ingi Þór er afrekskylfingur og er talinn vera einn af efnilegustu kylfingum landsins þrátt fyrir að hafa einungis stundað golf í nokkur ár. Ingi er með +0,6 í forgjöf.
Ingi Þór endaði í 21. sæti á GSÍ mótardöðinni árið 2022.
Hann sigraði á alþjóðlegri mótardöð Glóbal Junior, Icelandic Junior Midnight Challenge í sumar og með þeim sigri komst hann á heimslista áhugamanna WAGR.
Ingi Þór tók þátt í fjölmörgum mótum á árinu 2022 og stóð sig mjög vel á meðal bestu kylfinga landsins.
Ingi stundar BSc-nám í íþróttfræðum við Háskólann í Reykjavík. Hann leggur mikla áherslu á heilbriggt líf og að sinna æfingum til að gera sig að betri afrekskylfingi.



Matthildur Óskarsdóttir
Matthildur hefur stundað Kraftlyftingar í átta ár og náð að byggja sig upp í að vera alþjóðlegur keppandi í fremstu röð og áður stundaði hún fimleika með Gróttu.
Hún varð heimsmeistari ungmenna í klassískri bekkpressu í -84 kg. flokki þegar hún lyfti 125 kg. sem er einnig Íslandsmet í opnum flokki. Hún bar sigur úr þítum í sínum flokki í Norðurlandsmóti, Evrópumóti og heimsmeistaramóti í bekkpressu á árinu 2022.
Matthildur setti á árinu 34 Íslandsmet bæði í unglinga og fullorðins flokki, 2 evrópumet og 3 norðurlandamet.
Matthildur stundar nám í sjúkrapjálfun við Háskóla Íslands, auk þess sem hún stundar fjallgöngur, skíði og hjólreiðar af krafti og er virkur meðlimur í björgunarsveit.



Þau sem voru tilnefnd eru eftirfarandi: Auður Anna Þorbjarnardóttir-fimleikar, Ingi Þór Ólafson-golf, Matthildur Óskarsdóttir-kraftlyftingar, Hannes Grímm-handknattleikur, Rut Bernóusdóttir-handknattleikur, Lilja Lárusdóttir Scheving-knattspyrna og Gabríel Hrannar Eyjólfsson-knattspyrna.



Landsliðsfólk sem léku með sínum landsliðum á árinu 2022. Alex Kári Þórhallsson-handknattleikur U-16, Antoine Óskar Pantano-handknattleikur U-16, Katrín Anna Ásmundsdóttir-handknattleikur U-18, Bjarni Þór Lúdvíksson-golf piltalandslið, Auður Anna Þorbjarnardóttir-fimleikar unglingalandslið, Tómas Johannessen-knattspyrna U-16 og Sara Björk Arnarsdóttir-knattspyrna U-15.



Efnilegt íþróttafólk valið af þjálfurum.



Þau sem unnu Íslands- og Bikarmeistaratitla á árinu 2022.



Viltu vinna hjá Umhverfisfyrirtæki ársins í sumar?

Pökk sé hreinni íslenskri orku skilur álið okkar eftir sig eitt minnsta kolefnisspor í heimi. Framtíðin er spennandi í álframleiðslu á Íslandi og mun framþróun grænnar álframleiðslu hafa raunveruleg áhrif á útblástur gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu.

Við erum að leita að metnaðarfullu og duglegu fólki af öllum kynjum í fjölbreytt og vel launuð störf. Norðurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi í nágrenni Reykjavíkur. Velkomin í hópinn!

Nánari upplýsingar á nordural.is

Hreint ál úr íslenskri orku



UMHVERFISVERÐLAUN
ATVINNULÍFSINS

Skemmtileg Safnanótt á bókasafninu

Mikið líf og fjör var í bókasafninu þegar að Safnanóttin var haldin hátíðleg föstudaginn 3. febrúar sl. Fólk byrjaði að streyma að strax um klukkan fjögur enda var boðið upp á fjölbreytta og fjölskylduvæna dagskrá til átta um kvöldið. Þar voru leikir, listaverk, getraunir, fróðleikur, föndur, bingó, blöðrur,

tónlistaratriði, veitingar og vinningar svo enginn varð svangur og allir fundu eitthvað við sitt hæfi að gera. Stemningin var enda góð og gaman hversu margir tóku þátt á Safnanóttinni eins og sjá má á myndum frá kvöldinu góða á bókasafni Seltjarnarness.





G	R	=	A	+
N	=	D	I	~

MATHÖLL

Hundar velkomnir!

HVERFAFUNDIR

Á SELTJARNARNESI

Sjálfstæðisfélag Seltirninga stendur fyrir röð hverfafunda.

Við hvetjum bæjarbúa til að mæta og ræða um sitt nánasta umhverfi og önnur málefni við fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn og nefndum. Allir velkomnir!

Lyfjafræðisafnið, Safnatröð

Bláa hverfið

Þriðjudagur 7. mars
kl. 20:00

Bollagarðar | Neströð
Sefgarðar | Hofgarðar
Sævargarðar | Lindarbraut
Nesbali

Safnaðarheimili kirkjunnar

Græna hverfið

Miðvikudagur 8. mars
kl. 20:00

Austurströnd | Barðaströnd
Fornaströnd | Hrólfskálamelur
Kirkjubraut | Látraströnd
Skólabraut | Vesturströnd
Víkurstönd

Bókasafnið, Gallerí Gróttu

Gula hverfið

Þriðjudagur 14. mars
kl. 20:00

Eiðismýri | Selbraut | Eiðistorg
Skerjabraut | Grænamýri | Sólbraut
Hamarsgata | Steinavör
Hrólfskálavör | Suðurmýri
| Kolbeinsmýri | Sæbraut
Lamabstaðabraut | Tjarnaból | Nesvegur
Tjarnarmýri | Tjarnarstígur

Vallarhús Gróttu, knattspyrnuvellingum

Rauða hverfið

Þriðjudagur 21. mars
kl. 20:00

Bakkavör | Melabraut
Miðbraut | Unnarbraut
Valhúsabraut | Vallarbraut

Nóg að gera og er að vanda mig

- segir Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri

Imörg horn var að líta hjá bæjarstjóranum þegar Nesfréttir litu við á dögunum. Verfall yfirvofandi sem mun hugsanlega hafa viðtæk áhrif á bæjarlífið svo sem skólastarf, skólamat, félagsþjónustu, sorphirðu svo eitthvað sé talið skelli það á af fullum þunga. „Já, það vantar ekki verkefnin hingað. Við erum með litla yfirbyggingu á bæjarfélaginu sem sinnir öllum lögbundnum verkefnum og yfirgripsmikilli þjónustu af fagmennsku og alúð. Stjórnkerfið hér er þannig sett upp að mjög mörg verkefni hvíla á fáum herðum. Á bæjarskrifstofunni er t.a.m. ekkert aðstoðarfólk svo sem bæjarritari eða skrifstofustjóri. Starfsmenn eru miklir sérfræðingar í sínum störfum og í raun einyrkjar, sumir með mjög marga hatta samanborið við það sem gengur og gerist í nágrannasveitarfélögunum. Þetta reynist ágætlega en álagið er hins vegar oft mikið og lítið má út af bregða því verkefnum fjölgar stöðugt og þjónustukröfur aukast. Við gerum þetta eins vel og með eins hagkvæmum hætti og frekast er unnt,“ segir Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri sem tók til starfa 8. júní síðastliðinn fyrir rúmlega átta mánuðum síðan.

„Þetta hefur verið virkilega viðburðaríkur tími og bæjarstjórastarfið er óneitanlega viðamiklað. Ég er í raun alltaf í vinnunni og veit eiginlega aldrei alveg hvað dagurinn ber í skauti sér. Það eru eðlilega fjöldi ólíkra viðfangsefna tengt bæjarmálunum sem þarf að sinna alla daga, verkefnin eru misviðamikil og sum tímafrekar en önnur. Ég get nefnt sem dæmi að fundahöld með SSH (Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu) eru vikuleg og taka upp mikinn tíma. Um er að ræða fundi með borgar- og bæjarstjórum okkar nágrannasveitarfélaganna og snúa að sameiginlegum verkefnum okkar og samstarfi. Í þessu felast miklir hagsmunir svo sem þátttaka og eign í Samgöngusáttmálanum, byggðasamlögum Sorpu, Slökkviliðinu og Strætó, og tekur oft hvað mestan tíma þessa daganna.“

Þakklátur fyrir góðar móttökur

„Ég hef upplifað mikla jákvæðni frá því að ég hóf störf og er bæjarbúum



Þór sitjandi á fundarborði. Lýsir persónuleika hans vel. Ekki vera of stífur.

afar þakklátur fyrir góðar móttökur við mér og hópnum mínum, málflutningi okkar og verkum. Ég er einstaklega ánægður með teymið í meirihlutanum sem hefur á að skipa góðri blöndu af reynslu héðan og þaðan, kynja- og aldursamsetningin er góð og andinn jákvæður. Við erum í þessu starfi af heilum hug til að láta gott af okkur leiða. Við njótum auðvitað góðra starfa forvera okkar í bæjarstjórn sem við kunnum vel að meta og horfum bjartsýn til framtíðar. Já, bjartsýnn segi ég því það er ekkert sérstaklega hjart yfir verðbólgu og almennt efnahagsmálum landsins og heimsins um þessar mundir. Við hjá Seltjarnarnesbæ förum sannarlega ekki varhluta af því og fjármagnsliðir eru okkur þungir. En við erum samt sem áður bjartsýn og ég vil miklu frekar tala hlutina upp og sjá tækifærin í stað þess að leggja árar í bát. Samstarf flokkanna í bæjarstjórn er enn fremur að mínu mati með miklum ágætum, gott samtál og samvinna. Mér finnst það persónulega bæði mikilvægt

og jákvætt því síst af öllu þurfum við átakastjórnsmál á Nesinu um þessar mundir.“

Margt spennandi í gangi

„Það er verulega ánægjulegt að segja frá því að ég hef, fyrir hönd Seltjarnarnesbæjar, ritað undir hönnunarsamning að nýrri leikskólabyggingu eins og sjá má í frétt hér í blaðinu. Það eru svo sannarlega kaflaskil og ég er mjög stoltur af þessum áfanga. Nú er verkið formlega hafið eftir langan aðdraganda, endanleg hönnun í samstarfi við fagfólk leikskólans verður kláruð og áformað að ný bygging verði tekin í notkun fyrir árslok 2025.

Í lok árs 2022 tókum við í notkun nýja heimasíðu bæjarins sem hafði verið í þróun í nokkurn tíma. Skemmtilegt verkefni sem bætir ásýnd og þjónustu okkar til mikilla muna og leggur grunn að endurnýjun á vefsvæðum fyrir skólana og bókasafnið. Á nýju heimasíðunni er gátt fyrir íbúa til að koma til

okkar hvers kyns ábendingum um bæjarmálin í víðum skilningi. Vil hvetja íbúa að notfæra sér þennan aðgang að bæjarkerfinu en öllum ábendingum er vísað áfram í viðeigandi farveg.

Við ákváðum við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2023 að setja umtalsvert fjármagn í áframhaldandi endurbætur á Félagsheimilinu. Þegar er búið að leggja mikla vinnu í endurbæturnar sem hófust á covid tímanum. Þær eru afar umfangsmiklar enda 50 ára gamalt hús, flest allt upprunalegt og löngu kominn tími á allar lagnir og almennt viðhald. Auk þess sem margt í húsinu stóðst lengur nútímakröfur varðandi brunavarnir ofl. Nú þegar liggur nær öll hönnun fyrir og hefur þegar verið greidd auk þess sem búið er að vinna mikla lagna- og undirbúningsvinnu. Fljótlega munu framkvæmdir halda áfram en það hefur hefur verið mikill söknuður allra að hafa ekki aðgang að Félagsheimilinu enda eina húsnæði okkar bæjarbúa af þessum toga. Ég er mjög spenntur

fyrir endurbótunum sem mér finnst afar mikilvægt er að verði til fyrirmyndar og gert af sama metnaði og þegar að Félagsheimilið var reist á sínum tíma. Markmiðið nú er að öll hönnun, útlit og ásýnd taki mið af upphaflegri hönnun en uppfylli þarfir og kröfur nútímans.“

Fer mikið í stofnanir bæjarins

„Margir hafa tekið eftir því að ég legg mig fram um að vera bæði sýnilegur og aðgengilegur í bæjarfélaginu eins og ég hafði boðað. Ég fer mikið í stofnanir bæjarins og reyni að fylgjast með okkar frábæra fólki við störf – kíkja við í leikskólana, skólana og íbúðir aldraðra o.s.frv. Ég fer í laugina okkar á hverjum morgni og mæti á eins marga Gróttuleiki og ég get. Grilla bæjarstjóraborgara fyrir Gróttuleikina sem er skemmtilegt



Þór í heimsókn hjá ungum Seltirningum á degi leikskólans.

sjálfbóðaliðaverkefni og hef nýtt grillkunnáttuna á bæjarhátíðinni. Hef svo mætt mun oftar í kirkju en undanfarin ár og finnst það gott. Ég

finn og fæ að heyra að þessi sýnileiki minn hefur jákvæð áhrif og er mjög ánægður með það.

Að svara ekki getur skapað óþarfa óánægju

„Ég hef alltaf unnið þannig að ég sé ávallt innan seilingar ef fólk þarf að ná í mig, er markaðs og sölumaður sem drífur mig áfram. Að setja sig í spor viðskiptavinarins er lykilatriði að mínu mati og ég vil að við hjá bænum veitum alltaf úrvalsþjónustu. Ég er oft til svara inn á íbúasíðunni ef ég veit eitthvað um það sem er þar til málefnalegrar umfjöllunar og varðar bæjarmálin. Ég óska þó ekkert endilega eftir því að vera „taggaður“ í allt sem þar er til umfjöllunar og bendi aftur á ábendingagáttina á heimasíðunni sem rétta og besta farveginn.

Framhald á bls. 12.



SUMARSTÖRF HJÁ SELTJARNARNESBÆ 2023

Seltjarnarnesbær vill ráða ungt fólk til sumarstarfa 18 ára og eldri (fædd 2005 og eldri). Um er að ræða almenn garðyrkjustörf, verkamannastörf, jafningjafræðslu, skapandi sumarstörf og ýmis afleysingastörf. Skilyrði fyrir ráðningu er að eiga lögheimili á Seltjarnarnesi.

Einnig er auglýst eftir ungmennum 20 ára og eldri (2003 og eldri) í störf yfirflokkestjóra, flokkstjóra og leiðbeinenda, sem og í leikskóla, á bæjarskrifstofu og á bókasafn.

Sækja skal um störfina á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar, www.seltjarnarnes.is - Störf í boði.

Vakin er sérstök athygli á að sótt er um sumar- og leikjanámskeið Gróttu á heimasíðu alfred.is

Umsóknarfrestur er til og með 13. mars 2023.

Nánari upplýsingar um hvert starf og starfstímabil eru á umsóknasíðu á seltjarnarnes.is

VINNUSKÓLI 8. - 10. BEKKUR OG 17 ÁRA F. 2006

Vinnutími Vinnuskóla verða 7 stundir á dag, 4 daga vikunnar fyrir umsækjendur sem fæddir eru 2006 og 2007.

Vinnutími verða 3,5 stundir á dag, 4 daga vikunnar fyrir umsækjendur sem fæddir eru 2008 og 2009.

Ekki er unnið á föstudögum. Vinnutímabil Vinnuskólans er frá 13. júní til 20. júlí.

Umsóknarfrestur er til 26. apríl 2023.

Vinnuskólinn verður settur 12. júní kl. 11:00 í Valhúsaskóla.

**Sótt er um störfina á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar, www.seltjarnarnes.is. – Störf í boði.
Nánari upplýsingar eru á heimasíðu og í þjónustuveri Seltjarnarnesbæjar í síma 5959 100.**

Framhald af bls. 10 og 11.

Margir hafa sagt mér að slaka aðeins á varðandi að svara þessu öllu og að vera út um allt, að ég muni einfaldlega brenna fljótt upp. Ég lít þannig á að ég sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins svari því sem spurt er um, hafi ég þær upplýsingar á takteinum þ.e.a.s. Samanber það sem ég sagði rétt áðan um þjónustu og að setja sig í spor viðskiptavinarins. Að svara ekki getur stuðlað að óþarfa óánægju en auðvitað þurfa að vera mörk á þessu sem og öðru. Heilt yfir hef ég bara gaman af þessu öllu saman og er sko ekkert að brenna upp enda bara nýbyrjaður. Mér finnst áhugavert að þróa starf bæjarstjórans með nýjum og allt öðrum hætti en gert er annars staðar og feta nýjar brautir. Nesfréttir hafa meira að segja birt gsm númerið mitt þannig að nú vita það allir. “

Að gera eins vel og mér og okkur er unnt

„Verkefnin sem snúa að samfélaginu okkar hér eru svo mörg og margar spennandi hugmyndir á lofti. Mér finnst t.d. ekki galin hugmynd að færa bæjarskrifstofuna á Eiðistorg eins og ég hef áður nefnt og sé fyrir mér fleiri kosti en galla. Nú er verið að grófteikna upp húsnæðið á þessum 260 fermetrum og þegar við sjáum útkomuna getum við betur metið hvort starfsemi bæjar-skrifstofunnar muni rúmast þar eða ekki. Reynist það of lítið þá fer þessi hugmynd mín bara ofan í skúffu.

Svo er þetta allt spurning um

forgangsöröðun því það er svo margt sem kemur óvænt upp og þarfnast tafarlausra viðbragða en hefur ekki verið gert ráð fyrir í fjárhagsáætlunum. Oftar en ekki tengist það viðhaldi fasteigna, gatnakerfis og leiksvæða. Mér finnst mikilvægt að við sameinumst öll um að gera bæinn okkar enn fallegri og snyrtilegri með sameiginlegu átaki bæjarstarfsmanna og íbúa. Það eru svo alltaf einhver stór verkefni sem ekki hafa verið á dagskrá bæjarins en kominn er tími á. Get nefnt sem dæmi tímabær útskipti á gatnalýsingu bæjarins yfir í hagkvæmara LED kerfi en við erum tengd áratugagömlu kerfi ásamt póstnúmeri 107. Það er afar mikilvægt fyrir okkur að nýta stærðarhagkvæmni innkaupa og ná að fylgja nágrönnum okkar í Reykjavík, Kópavogi og Mosfellsbæ sem stefna á að taka þetta saman.

Fyrir en síðar mun byggð rísa og von á fjölgun íbúa sem ég hlakka til að taka vel á móti og verkefnum því tengt. Sem sagt bara virkilega spennandi tímar framundan og ég hef gaman í vinnunni, finnst það sannur heiður að fá að gegna þessu virðulega embætti. Ég hef þó ekkert sérstaklega breytt mér heldur kem bara til dyranna eins og ég er klæddur. Mitt markmið er að gera þetta eins vel og mér og okkur sem störfum fyrir bæjarbúa er unnt. Almenn vellíðan og ánægja íbúa er alltaf markmið mitt. Af því verður enginn afsláttur gefinn.“

**Nýrri kvenfatalínu
AS WE GROW fagnað
á Reykjavík EDITION**



Teymið sem stendur að As We Grow: Agnes Hlökkversdóttir, Snæfríð Þorsteins, Gréta Hlökkversdóttir, María Th. Ólafsdóttir og Björg Skarphéðinsdóttir.

Kvenleikinn sveif yfir vötnum þegar íslenska fatahönnunar-merkið As We Grow kynnti nýja fullorðinslínu í Tölt salnum á Hótel Reykjavík EDITION.

Innblásturinn er sóttur í fatnað kvenna á sjötta áratugnum. Dress, peysur og fylgihlutir, sem eru í senn fínlegir, kvenlegir, silkimjúkir og þægilegir. Treflar og sjöl hönnuð með það fyrir augum að auðvelt sé að para saman við mismunandi flíkur, til að umbreyta ásynnd eða auka hlýju. Markmiðið er að skapa klassískar og óviðjafnanlega mjúkar flíkur úr hágæða hráefni, Alpaca ull og stuðla samhliða að jákvæðu hreyfiafli og betri heimi.

As We Grow er þekkt fyrir falleg barnaföt, sem seld eru víða um heim. Á síðasta ári fagnaði vörumerkið 10 ára afmæli og nú kominn tími til að setja aukið vægi á fullorðinsvörur. Þess má geta að As We Grow opnaði nýverið stærri verslun á Klapparstíg 29.



Elíza Reid forsetafrú mætti á fagnaðinn.

**Gluggaskipti
og glerjun**

- Íslenskur húsasmíðaverkaki með íslenskum smiðum.
- Sérhæfing í gluggaskiptum og glerjun. Gæða vottaðir timbur/ál gluggar.
- Hægt er að fá tilboð í nýja glugga ásamt ísetningu í heildarþakka þar sem við sjáum um ferlið frá upphafi til enda.

Hafa samband Kobbi: 845 9596.
Heimasíða: www.jeiriks.com

aurum

BY
GUÐBJÖRG



www.aurum.is

Bankastræti 4, 101 Reykjavík

Gönguskiðabrautir á Seltjarnarnesi

Að hvatningu Íþrótt- og tómstundanefndar Seltjarnarnesbæjar hafa bæjaryfirvöld fjárfest í tækjabúnaði til að gera spor fyrir gönguskiði á Seltjarnarnesi. Tækið þarf að draga aftan í fjórhjóli og mynda þannig spor sem auðveldar gönguskiðafólki gönguna á skiðunum.

Vissulega er oft ekki nægur samfelldur snjór til að hægt sé að leggja gönguskiðabraut á Seltjarnarnesi, en þeim mun mikilvægara er að vera með skýra áætlun um framkvæmd málsins þegar aðstæður leyfa. Skipulags- og umhverfissvið hefur tekið málið að sér og munu starfsmenn Þjónustumiðstöðvar bæjarins annast framkvæmd og útfærslu málsins þegar aðstæður leyfa.

Til að byrja með verða gerðar tilraunir með lagningu gönguskiðabrautir á tveimur stöðum. Sú fyrri eða braut 1 kallast Gróttu og hefst við bílastæðið við Gróttu og mun liggja eftir ströndinni við Kotagrandu upp með Bakkatjörn



og svo nær byggðinni við Nesbala, Nesstofu og Ráðagerði og svo aftur að bílastæðinu við Gróttu. Hin brautin eða braut 2 hefst við bílastæðið hjá Nesklúbbnum og mun liggja í útjaðri brautar fimm og brautar fjögur í kringum tjörnina og svo í útjaðri annarra brauta, út fyrir húsakynni Nesklúbbsins og aftur



að bílastæðinu.

Nesklúbburinn tók vel í fyrirspurn um að nota að hluta til svæði golfvallarins undir gönguskiðabraut, en útfærslan verður í góðu samráði við lykilmálklúbbsins, mun taka mið að aðstæðum og hlífa öllum þóttflötum sérstaklega.

Ef vel tekst til má hugsa sér að skoða fleiri staðsetninga síðar, svo sem á Valhúsahæð eða meðfram Norðurströnd. Eftir rýsjótta tíð í janúar og febrúar vonum við að veðurguðirnir verði þessu verkefni hliðhollir og færi okkur nægan snjó og minni vind þannig að úr þessu geti orðið.

Örn Viðar Skúlason, formaður Íþrótt- og tómstundanefndar Seltjarnarnesbæjar.



Örn Viðar Skúlason.

SUMARSTÖRF HJÁ GRÓTTU



Íþróttafélagið Gróttu auglýsir laus til umsóknar eftirfarandi sumarstörf árið 2023 fyrir ungt fólk

Íþróttafélagið vill ráða einstaklinga 20 ára og eldri (fædd 2003 og eldri) í störf:

- Verkefnastjóra sumarnámskeiða
- Skólastjóra handboltaskóla Gróttu
- Flokkstjóra leikjanámskeiða Gróttu
- Skólastjóra knattspyrnskóla Gróttu
- Skólastjóra fimleika- og leikjaskóla Gróttu
- Flokkstjóra smíðavalla Gróttu

Íþróttafélagið Gróttu vill ráða ungt fólk 18 ára og eldri (fædd 2005 og eldri) í störf:

- Leiðbeinendur á sumarnámskeiðum

Umsækjendur skulu sækja um ofangreind störf á heimasíðu www.alfred.is

Nánari upplýsingar og lýsingar á störfunum má finna á heimasíðu Gróttu www.grotta.is

Umsóknarfrestur er til og með **10. mars 2023**.

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með
hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag
rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.



- » Þarf stærri helmtaug?
- » Hvaða lausn heitar best?
- » Er kerfið búið álagastýringu?
- » Sjálfvirkir greiðslu- og innheimtakerfi?

QR code: 

• **Elgnaumsjón** 20

thjonusta@elgnaumsjon.is | elgnaumsjon.is



Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna
Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

AS WE GROW ICELAND



KLAPPARSTÍG 29

WWW.ASWEGROW.IS

Nesfréttir www.borgarblod.is

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF
ELDRI BÆJARBÚA

Dagskrá og aðrir viðburðir.

Þrátt fyrir leiðindaveður og rysjóta tíð undanfarnar vikur þá hefur það ekki stoppað fólkið okkar til þátttöku í félagsstarfinu en ágætis þátttaka hefur verið í öllum dagskrárliðum á nýju ári. Síðasta þriðjudag hvers mánaðar er sérstök stund fyrir eldri borgara í kirkjunni og þann 31. Janúar sl. á Þorranum var ákveðið að bjóða upp á þorramat með öllu sem því tilheyrir. Maturinn var frábær og stundin skemmtileg, en Valdimar Sverrisson skemmti gestum með myndasýningu, sögum og söng. Undanfarna þriðjudaga hefur Steinn B. Gunnarsson þróttastjóri Nesklúbbsins boðið eldri borgurum í léttar æfingar og teygjur í æfingaaðstöðu Nesklúbbsins að Austurströnd 5. Að loknum æfingunum sem sem eru þannig að allir ráða við þá eru teknar 18 holur í pútti og svo er boðið upp á kaffisopa. Virkilega skemmtileg stund og allir þakklátir fyrir þetta framlag. Það eru allir velkomnir, en þetta er alla þriðjudaga kl. 10.30 og fólki að kostnaðarlausu. Eins og greint hefur verið frá þá þurfti að fresta því að “opna vinnustofan” færi af stað. Einhver vandkvæði eru varðandi húsnæðið og verðum við því að biðja þangað til þau mál leysast sem vonandi verður sem fyrst.

Sunnudaginn 12. febrúar var boðið upp á leiksýningu Borgarleikhússins Mátulegir. Uppselt var á sýninguna sem var mjög flott, skemmtileg og frábærir leikarar.

NÆSTU VIÐBURÐIR:

Bæjarferð, Salurinn Kópavogi og gaman saman

Þegar þetta er skrifað er næsti viðburður sameiginleg ferð félagsstarfsins og kirkjunnar fimmtudaginn 16. febrúar, en þá ætlum við að skoða Hátíðarsal Menntaskólans í Reykjavík, sal gamla Iðnskólans við Vonarstræti og fara í kaffi í safnaðarheimili Dómkirkjunnar þar sem Hjördís Geirs tekur lagið og skemmtir gestum. Það er stutt á milli viðburða því sunnudaginn 26. febrúar er boðið upp á söngskemmtun í Salnum í Kópavogi, en þá ætla Örn Árnason og Jónas Þórir að segja frá og fara yfir feril Sigfúsar Halldórssonar og syngja og spila lögin hans. Skráning nauðsynleg.

Til stóð að hafa Gaman saman/létta samverustund í salnum nú seinni partinn í febrúar en henni er frestað fram í mars. Þá fáum við til okkar Grillvagninn, bjóðum upp á léttar veitingar og hljómsveitin Sóló kemur og skemmtir. Skráning er nauðsynleg á þann viðburð og verða skráningarblöð bæði á Skólabraut og Eiðismýri. Hvetjum ykkur til að fylgjast með tilkynningu um endanlega dagsetningu, fjölmenna, taka með gesti og lyfta sér aðeins upp eftir langan og strangan vetur.

FÉLAGSVIST LIONS OG BINGÓ Í GOLFSKÁLANUM

Til stendur að félagsvist Lions verið í salnum á Skólabraut þriðjudaginn 14. mars kl. 19.00, og bingóið í golfskálanum þriðjudaginn 21. mars kl. 14.00 og vonast er til að þessar dagsetningar haldi.

FASTA DAGSKRÁIN

Annars eru allir fastir dagskrárliðir samkvæmt dagskrárblaðinu sem borið var til allra 67 ár og eldri Seltirninga. Alltaf má nálgast upplýsingar um dagskrána, skráningu og tímasetningar í aðstöðu félagsstarfsins á Skólabraut 3-5. Upplýsingar eru gefnar í síma 8939800 eða senda tölvupóst á kristin.hannesdottir@seltjarnarnes.is. Dagskráin er inni á síðunni seltjarnarnes.is, einnig eru settar tilkynningar og auglýsingar á fb. síðu eldri borgara á Seltjarnarnesi í Morgunblaðið raðauglýsingar/fólkið/félagsstarf. Það eru allir velkomnir í félagsstarfið sem áhuga hafa, óháð aldri og búsetu.

Einnig hvetjum ykkur til að fylgjast með fb. síðunni íbúar á Seltjarnarnes, síðu bókasafnsins og síðu bæjarins. Á þessum síðum eru ýmsar upplýsingar og tilkynningar um margvísleg málefni. Einnig minnum við á að nú standa yfir dagar þar sem kynning á Janus Heilsuefning 65+ er í gullum gangi.

BÓKAÐ MÁL

Góa



Það er slökkt á sjálfsafgreiðslunni svo fólkið stendur í röðum við kassana og saknar glaðlegu tölvuraddarinnar. Nú segir mér enginn að muna eftir kvittuninni. Gólfdukurinn er þakinn slabbdrullu og í loftinu er áberandi lykt af blautri ull. Þetta er við vinnulok á dimmum degi í miðjum febrúar og verkföll og eldsneytisskortur yfirvofandi. Þá lítur einhver upp og bendir út um mjóan þakglugga og sko til, þarna er heiðblár og hálfbjartur himinn á milli skýjanna yfir bílastæðinu. Fólkið fálmar eftir farsímum og armbandsúrum og kinkar ákaft kolli. Jú, það passar, klukkan er orðin fimm ... og það er ekki orðið dimmt úti. Andrúmsloftið fyllist af þögnulí ánægju.

Kannski verður þetta bara allt í lagi.

Þorinn er liðinn og góa tekin við sem er fimmti og næstsíðasti mánuður vetrar samkvæmt gamla íslenska tímatalinu. Þá var forðum farið að ganga vel á matarbirgðir og veður ennþá slæm. Það er því eins gott að einmitt á þessum erfiðasta tíma vetrarins fer að birta aftur og það hefur líklega orðið mörgum hughreystandi áminning um betri tíð framundan, bæði fyrir á öldum og ekki síður í dag.

En hvaðan kemur mánaðarheitið góa? Uppruni orðsins sjálf er ekki þekktur með vissu en í Orkneyingasögu má lesa um hinn goðsagnakennda Þorra konung sem átti dótturina Góu (orðmyndin góa er ekki notuð fyrr en seint á 17. öld). Hvernig nöfn þeirra feðgina urðu að mánaðaheitum er erfitt að fullyrða um en Þorri og Góa eru vetrarvættir, veturinn sjálfur holdi klæddur og dóttir hans snjófölin.

Á fyrsta degi góunnar (konudeginum) áttu húsfreyjur að fara fyrstar allra á fætur og bjóða hana velkomna með eftirfarandi vísu:

Velkomin sértu, góa mín,
og gakktu í bæinn;
vertu ekki úti í vindinum
vorlangan daginn.

Góa er sá árstími þegar allt er enn hálfömurlegt en við fyllumst nýju baráttuþreki því við vitum að með hækkanði sól styttist í vorið og betri færð. Því öll el birtir upp um síðir og jafnan er dimmast undir dögum.

Eigum við ekki bara að segja það?

TRYGGVISTEINN STURLUSON
Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarness



Verslaðu með hjartanu!
www.systrasamlagid.is

Salon Nes í tíu ár á Austurströnd 12

- vel fagnað á liðnu hausti

Hársnyrtistofan Salon Nes á Austurströnd 12 á Seltjarnarnesi hélt upp á tíu ára starfsafmæli á Austurströnd 12 á síðast liðnu hausti. Salon Nes á sér þó lengri aldur. Stofan var stofnuð á Austurströnd 1 árið 1983. Iris keypti stofuna árið 2005 og var þar til 2012 að hún flutti á Austurströnd 12 og komst þar á jarðhæð. Hún fagnaði þessum tímamótum sunnudaginn 4. september á liðnu hausti og hélt upp á afmælisdaginn. „Við buðum fólki í kaffi og kökur til að fagna þessum áfanga. Við vorum líka með candyfloss og andlitsmálun og fengum fjölda gesta. Þetta heppnaðist vel og var mjög gaman,“ segir Iris í spjalli við Nesfréttir.

Iris er ættuð af Skaganum. Fædd á Akranesi 1960 og ólst þar upp með foreldrum sínum fyrstu sjö ár ævinnar. Þá fluttist fjölskyldan til höfuðborgarinnar í eitt ár og þaðan á Látraströnd 12 á Seltjarnarnesi

þar sem foreldrar hennar byggðu æskuheimili okkar. Þar sem hún segir að gott og gaman hafi verið að vera. Eftir 16 ár þar fluttist hún á Austurströnd 4 en býr nú við Eiðistorgið í göngufæri frá hársnyrtistofunni. „Ég get því sagt að ég sé löngu orðin meiri Seltirningur en Skagamaður. Allavega í mér.“ En af hverju varð hún hársnyrtir. „Ég fór á starfskynningu síðasta veturinn minn í Való. Þar var meðal annars verið að kynni hársnyrtifræðin og þar vaknaði áhugi minn á þeim. Þá var erfitt að komast í nám. Áhuginn á faginu var mikill en ég slapp inn. Mig minnir að um 50 umsóknir hafi verið teknar inn af 150.“

Vil endurvekja Kolaportsstemningu á Eiðistorgi

Iris býr við Eiðistorgið og starfar í göngufæri frá torginu. Hún hefur því mikinn áhuga á miðbæ Seltirninga.



Iris Gústafsdóttir hársnyrtir.

Hún segir of lítið um að fyrirtæki starfi í þessum þjónustukjarna. Sumt hafi komið og farið og oft stoppað stutt við. „Það vantar líf á torgið. Iris rifjar upp að fyrir nokkrum árum hafi verið sölustarfsemi á torginu á laugardögum um helgar. Þar hafi

fólk getað sett upp litla sölubása eða söluborð og boðið ýmsa varning. Talsvert líf hafi oriði til í kringum þetta. Fólk komið við skoðað og verslað. „Ég myndi vilja finna leið til þess að endurvekja þetta í einhverri mynd. Búa til „Kolaportsstemningu“ á Eiðistorgi. Þetta á að vera hægt. Það þarf bara aðila til þess að hrinda því af stað. Torgið er dýrmætt en því miður illa nýtt. Þarna gæti myndast torgstemning fyrir Seltirninga og Vesturbæinga.

Hlakka til að vinna með dóttur minni

Iris snýr sér aftur að Salon Nes. Hún hefur starfað mikið ein á stofunni en gerir ráð fyrir að dóttir hennar sem er að ljúka hársnyrtinámi núna í febrúar komi og starfi með henni að hluta. Ég hlakka til þessa samstarfs. Morguninn liður og Iris þarf að snúa sér að starfinu. Fyrsti viðskiptavinurinn er á leiðinni í hús.

Ykkar menn á Nesinu

Góð þjónusta / Fagljósmyndun / Sanngjörn sölupóknun

Ertu í huggleiðinugm um að **minnka** eða **stækka** við þig?

Erum með **kaupendur** og **seljendur** óskráðra eigna sem **skoða skipti**.

Hafðu samband og fáðu **frítt** skuldbindingalaust **verðmat**.

FASTEIGNASALAN

MIKLABORG

Sími 569 7000 | miklaborg.is

Ólafur

Finnbogason

lögg. fasteignasali

Sími: 822 2307

olafur@miklaborg.is

Páll

Þórólfsson

lögg. fasteignasali

Sími: 893 9929

pall@miklaborg.is





Sigurjón ráðinn til Gróttu



Sigurjón Friðbjörn Björnsson ásamt Arnkeli Bergmann Arnkelssyni, formanni handknattleiksdeildar Gróttu.

Sigurjón Friðbjörn Björnsson hefur verið ráðinn nýr þjálfari meistaraflokks kvenna í handbolta hjá Gróttu. Gunnar Gunnarsson sem hafði þjálfað liðið frá því í sumar sagði starfi sínu lausu vegna anna í lok janúar.

Sigurjón er 34 ára gamall og er menntaður íþróttafraeðingur frá HR. Hann kemur frá HK þar sem hann var aðstoðarþjálfari kvennaliðs HK. Sigurjón eða Sonni eins og hann er jafnan kallaður hefur komið víða við og var aðstoðarþjálfari Stjörnunnar í Olísdeildinni tímabilin 2020-2022. Einnig hefur hann þjálfað meistaraflokka Fjölnis og ÍR. Sonni þjálfar U17 ára landslið kvenna.

Arnkell Bergmann Arnkelsson formaður Handknattleiksdeildar Gróttu er gríðarlega ánægður með að Sigurjón sé kominn í Gróttu. „Við erum mjög ánægð með að fá Sigurjón Friðbjörn til okkar í Gróttu. Hann er gríðarlega fær þjálfari sem við erum heppin að fá til okkar.“

Soffía aftur í Gróttu

Markvörðurinn Soffía Steingrímsdóttir er aftur gengin til liðs við Gróttu á láni eftir að hafa verið í herbúðum Fram frá haustinu.

Gróttufólk sem þekkir til Soffíu veit að hún er frábær markvörður sem mun hjálpa Gróttuliðinu mikið í baráttunni í Grill 66-deildinni. Soffía lék sinn fyrsta leik eftir endurkomuna gegn ungmennaliði Vals í dag og varði 14 skot í leiknum eða 34% hlutfallsmarkvörslu.



Sjötti flokkur kvenna á bikarmóti

Í janúar lék bæði yngra og eldra ár sjötta flokks kvenna leikið á bikarmótum HSÍ. Stelpurnar á yngra ári í 6. flokki léku í Kaplakrika. Mikil tilhlökkun var hjá stelpunum og stóðu þær sig mjög vel.

Miklar framfarir sáust á spilamennskunni í hverjum leik og enduðu þær í áttunda sæti á mótinu. Stelpurnar á eldra ári í léku viku síðar í íþróttamiðstöðinni í Dalhúsum í Grafarvogi. Þær tefldu fram tveimur liðum og stóðu bæði liðin sig mjög vel. Mikill áhugi er hjá stelpunum í flokknum en gaman verður að fylgjast með þeim í komandi verkefnum.



Sjöundi flokkur kvenna á heimavelli

Sjöundi flokkur kvenna lék á móti sem haldið var á heimavelli, í Hertzhöllinni á Nesinu laugardaginn

14. janúar. Gróttu tefldi fram tveimur liðum á eldra ári og þremur liðum á yngra ári. Iðkendur í flokknum hafa fjölgað mikið á seinustu vikum. Öll liðin spiluðu vel og bættu ofan á frammistöðu seinasta móts. Þjálfari flokksins er Ari Pétur Eiríksson.




Gróttu með níu lið á Auðarmóti

Um 50 stelpur úr 6. og 7. flokkur kvenna í fótbolta skelltu sér á fyrsta mót ársins helgina 28.-29. janúar en Auðarmót HK var haldið í Kórnum í Kópavogi.

Gróttu fór með níu lið á mótið, sex úr 6. flokki kvenna og þrjú úr 7. flokki kvenna og lék hvert lið fimm leiki. Stelpurnar stóðu sig ótrúlega vel og var góð blanda af gleði og baráttu við völd.





GETRAUNANÚMER GRÓTTU

170




Hverfafundir á Seltjarnarnesi

Sjálfstæðisfélag Seltirninga stendur fyrir röð hverfafunda á næstunni. Markmið fundanna er að gefa íbúum tækifæri til að ræða um sitt nánasta umhverfi við bæjarstjóra, bæjarfulltrúa og formenn nefnda.

Fundirnir verð fjórir og verða þeir haldnir á fjórum mismunandi stöðum með það fyrir augum að fólk geti gengið á fundarstað.



Örn Viðar
Skúlason.

- Þriðjudagur 7. mars klukkan 20:00:
Bláa hverfið Lyfjafræðisafnið, Safnatröð.
- Miðvikudagur 8. mars klukkan 20:00:
Græna hverfið Safnaðarheimili kirkjunnar.
- Þriðjudagur 14. mars klukkan 20:00:
Gula hverfið Bókasafnið, gengið inn frá Eiðistorgi.
- Þriðjudagur 21. mars klukkan 20:00:
Rauða hverfið Vallarhús Gróttu á knattspyrnuvellinum.

Skipting eftir hverfum verður með sama hætti og gert hefur verið á Bæjarhátíð Seltjarnarness, þ.e. í bláa, græna, gula og rauða hverfið.

Við hvetjum bæjarbúa til að mæta á fundina og ræða við fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn og nefndum um sitt nærumhverfi og önnur málefni bæjarins.

Örn Viðar Skúlason, formaður Sjálfstæðisfélags Seltirninga



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Verslaðu með hjartanu!
www.systerasamlagið.is

BURSTAÐU HÚÐINA OG BYGGÐU ÞIG UPP FYRIR VORIÐ!



Óðinsgötu 1 101 Reykjavík [systerasamlagi](http://systerasamlagi.is)

Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

@systerasamlagið
Sími: 511 6367



TAKK ÉG

Þú munt þakka þér fyrir sparnaðinn